



Formannafundur AKÍS

31. október 2015

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í félagsheimili KK í Hafnarfirði laugardaginn 31. október 2015 kl.11:00.

1. Fundur settur

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Tryggvi lagði til að hann yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari. Tryggvi spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

2. Mannlíkaminn og umferðarslys

Helgi Finnbogason bráðatæknir og sjúkraflutningamaður flutti erindi um áhrif slysa á mannlíkamann, fyrstu viðbrögð við slysum og áhrif notkunar öryggisbúnaðar.

3. Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir skýrslu stjórnar. Keppnistímabilið hefur að mestu leyti gengið vel og aukning er í fjölda keppenda sem eru nú 365.

4. Staðfesting Íslandsmeistara 2015

Staðfest - sjá hér:

<http://www.ais.is/wp-content/uploads/2015/11/Ver%C3%B0launaafhending-Meistaratitla-2015.pdf>

5. Keppnisdagatal 2016

Samþykkt - sjá hér:

<http://www.ais.is/motahald/keppnisdagatal/keppnisdagatal-2016/>

6. Akstursíþróttamenn ársins - karl og kona valin

Fundarmenn kusu akstursíþróttamenn ársins, einn karl og eina konu. Staðfest voru úrslit úr netkosningu á Facebook.

Vegna mismunandi kynningar á þeim sem voru tilnefndir sem akstursíþróttafólk ársins, var samþykkt að útbúa sniðmát fyrir slíkar tilnefningar. Þar komi fram helstu upplýsingar um viðkomandi ásamt keppnisferli.

7. Almennar keppnisreglur AKÍS 2016

Samþykktar með smávægilegum breytingum á þriðju grein þar sem orðið "keppandi" kemur í stað "ökumaður" og við bættist eftirfarandi málsgrein:

Keppandi keppir aðeins fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili. Félagaskipti þurfa að eiga sér stað fyrir fyrstu keppni er viðkomandi keppir í.

Auk þess var rætt um viðurlög við brotum á reglum.

8. Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram.

Keppnisreglur fyrir gokart og drift voru ekki afgreiddar, vegna þess að enginn var til að fylgja þeim úr hlaði.

9. Grunnslýsatryggingar innifaldar í keppnisskírteini

Formaður kynnti stöðu viðræðna við tryggingarfélag og möguleika á útboði vegna slýsatryggingar keppenda. Kostnaður við útboðsgerð eykur kostnað við útgáfu keppnisskírteina um 3.000 krónur á hvert skírteini. Samþykkt að bíða með útboð og kanna fyrst áhuga tryggingarfélaga.

10. Myndatökur 2016 - tilhögun

Formaður ræddi um tilhögun myndbandatöku á keppnum og viðburðum AKÍS. Á þessu ári hafa verið gefin út formleg leyfi fyrir 12 aðila. Á stærri viðburðum hefur verið nokkuð um vandræði við að stjórna myndatökufólki, sérstaklega ljósmyndurum. Ákveðið að halda sama sniði á leyfum á næsta ári eins og í ár.

Í öllum tilvikum þarf myndatökufólk að fá heimild til myndatöku hjá keppnisstjórn hvernar keppni.

11. Styrkumsókn til FIA - staða

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu umsóknar um styrk frá FIA sem ætlað er að auka öryggi keppnisbrauta og bæta innlenda þekkingu á brautarhönnun. AKÍS reiknar með að FIA kynni úthlutanir styrkja á fundi í París um mánaðarmótin nóvember-desember.

12. Önnur mál

- **Námskeið:** Þórður Bragason ræddi möguleg skyndihjálparnámskeið sem Helgi Finnbogason er tilbúinn að halda. Ákveðið að skoða möguleika á að AKÍS héldi almenn námskeið og einstakar greinar sértæk námskeið.
- **Markaðssetning akstursíþróttar:** Ingólfur Arnarson ræddi um aukna umfjöllun um akstursíþróttir um þessar mundir og hvernig hægt væri að halda þeirri aukningu áfram.
- **Keppnisdagatal á ensku:** Ákveðið að bæta enska hluta vefs AKÍS og gera upplýsingar aðgengilegri fyrir erlenda keppendur, fjölmiðla og ferðamenn.
- **Konur í akstursíþróttum:** Rætt um hvernig hægt er að auka hlut kvenna í akstursíþróttum.
- **Nýliðun:** Rætt um að koma á fót "Akstursakademíu" og auka fræðslu fyrir grunnskóla með "kassabílarally". Lágmarksaldur til þátttöku í akstursíþróttum verði færður að þeim mörkum sem nágrannalönd Íslands hafa og reglugerð um akstursíþróttir heimilrar fyrir keppni á mótörhjólum.
- **Umhverfisstefna:** Formaður kynnti aukna áherslu hjá FIA að landsambönd aðstoði félög sín við að setja og framfylgja umhverfisstefnu. Slík stefna gæfi svipaða möguleika og "bláfánavottun" sem hafnir hafa verið að koma sér upp.

- **FIA Action for Road Safety:** Formaður ræddi um að þetta væri upplagt verkefni fyrir AKÍS að kynna á Íslandi.
- **Lokahóf:** Ingimundur Helgason lagði til að fyrirkomulagi verðlaunaafhendingar meistaratitla verði breytt þannig að hún fari fram að degi til í salarkynnum ÍSÍ. Ákveðið að það verði þannig árið 2016.

Formannafundi slitið um kl. 16:00